

Reykjavík,

19. febrúar 2018.

Svanhvít Jakobsdóttir
Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
Álfabakka 16
109 Reykjavík.


Erindi: Ályktun stjórn Geðhjálpar vegna stofnunar geðheilsuteymis fyrir austurborg Reykjavíkur.

Stjórn landssamtakanna Geðhjálpar fjallaði um stofnun geðheilsuteymis fyrir Reykjavíkinga vestan Breiðholts samfara lokun Geðheilsu-eftirfylgdar á stjórnarfundum sínum þann 8. febrúar síðastliðinn.

Á fundinum lýsti stjórnarmenn yfir áhyggjum sínum af hugsanlegu rofi í þjónustu við skjólstæðinga Geðheilsu-eftirfylgdar á meðan breytingin gengi yfir um mitt ár. Í framhaldi af því leggur stjórn Geðhjálpar áherslu á að heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tryggi að hagsmunir notenda verði hafðir að leiðarljósi í breytingarferlinu. Með öðrum orðum að tryggt verði að ekki verði rof á samfelli þjónustu heilsugæslunnar við skjólstæðinga Geðheilsu-Eftirfylgdar og þjónustuframboði við nýja skjólstæðinga í viðkomandi borgarhluta.

Síðast en ekki síst ítrekar stjórn Geðhjálpar mikilvægi þess að notendur taki þátt í stefnumótun og framkvæmd þjónustunnar, m.a. með þátttöku notenda í rýnihópi og ráðningu þeirra til geðheilsuteyma.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálpar,



Hrannar Jónsson, formaður.

